

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 49

Dags. 14.11.2013

Skipulags- og umhverfisnefnd - 14.11.2013

49. fundur.

14. nóvember 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi
(fundarritari)

Guðrún Tryggvadóttir

Hörður Þór Benónýsson

Þórunn Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Hálsmannatungur. Stofnun þjóðlendu
2. Finnsstaðadalur . Stofnun þjóðlendu
3. Fjósatunga Fnjóskadal. Deiliskipulag

1. Hálsmannatungur. Stofnun fasteignar (þjóðlendu).

S20131003

Erindi dags 18. október 2013 frá Forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fasteign (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Með síðari breytingum. Heiti fasteignar er Hálsmannatungur.

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. Hálsmannatungur er þjóðlenda í afréttareign Þingeyjarsveitar:

Að norðan er miðað við Ytri-Jökulsá. Að austan ræður fjallsbrún. Að sunnan er miðað við Syðri-Jökulsá. Að vestan ræður Dalsá.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2007 dags 6. júní 2008 og landspildublað.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá þjóðskrár.

2. Finnsstaðadalur. Stofnun fasteignar (þjóðlendu).

S20131101

Erindi dags 31. október 2013 frá Forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fasteign (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Með síðari breytingum. Heiti fasteignar er Finnsstaðadalur.

Finnsstaðadalur.

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. Finnsstaðadalur, er þjóðlenda og í afréttareign eigenda Finnsstaða, Halldórsstaða og Hjaltastaða:

Úr tindi Bræðrafells (883 m) er kröfulínum gagnaðila ríkisins vegna Fornhóla, Sólvangs, Hallgilsstaða, Syðri- og Ytri Háls fylgt til norðvesturs, að gili sem liggur norðan við Mjóadalsá, gagnvart Mjóadal, en kröfulínur þessar fara saman við hreppamörk fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálsahrepps á þessu svæði. Þaðan er hreppamörkum fylgt áfram til norðausturs, þar til kemur að þeim hluta umræddra hreppamarka, skammt norðvestan við Grænahnjúk, sem í máli þessu er jafnframt kröfulína gagnaðila ríkisins vegna suðausturmerkja Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði. Þar er hornmark. Úr hornmarkinu er hábrúnum Vesturfjalla fylgt til suðausturs sbr. kröfulínur gagnaðila vegna Finnsstaðadals, fyrst gagnvart Hrafnstöðum, síðan Gvendarstöðum og loks Hlíð. Þaðan gagnvart Ystafelli, ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal og merkjavörður upp á fyrstnefndan tind Bræðrafells, sbr. kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Ystafells.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2007 dags 6. júní 2008 og landspildublað.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirliqgjandi gögnum verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá þjóðskrár.

3. Fjósatunga. Deiliskipulag

S20120402

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Fjósatungu í Fnjóskadal. Málið var síðast á dagskrá á 44. fundi nefndarinnar 23. maí s.l. Innkomin ný göng, drög að deiliskipulagi og greinargerð dags. 8. nóvember 2013 frá Búgarði (GHG). Einnig hefur borist jákvæð umsögn vegna breyttrar legu reiðleiðar frá Erni Viðari Birgissyni form. reiðv. nefndar Léttis og form. reiðv. nefnda á NA landi. Þá hafa borist umsagnir frá Minjastofnun Íslands og staðbundið ofanflóðahættumat frá Veðurstofnunni. Borist hefur svar frá Landsneti vegna fyrirspurnar um fyrirhugað línustæði fyrir háspennulínu o.fl. í landi Fjósatungu.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna á þessu stigi en frestar afgreiðslu hennar þar til gerðar hafa verið breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 varðandi breytta legu reiðleiðar í landi Fjósatungu. Nefndi felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leggja fram tillögu að breytingu á aðalskipulagi á næsta fundi nefndarinnar.

Fundi slitið